



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2021

Aðgerðir vegna COVID-19

1. Vinnu- og virkniaðgerðir í kjölfar Covid-19

Lagt er til að fjárheimildir mannauðs- og starfsþróunarviðs hækki um 40.500 þ.kr. og velferðarsviðs um 63.000 þ.kr. vegna vinnu- og virkniaðgerða og að gerðar verði neðangreindar breytingar á fjárheimildum á ÖNN vegna sömu verkefna. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-460.000
ÖNN	07150	Vinnu- og virkniaðgerðir	Til	356.500
VEL	xxx	Vinnu- og virkniaðgerðir	Til	63.000
MOS	xxx	Vinnu- og virkniaðgerðir	Til	40.500
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur ekki farið fram en áætlað er að jafnréttismat muni fara fram samkv. ákvörðun borgarráðs frá 2. apríl 2020 um að jafnréttismeta eigi allar tillögur er varða aðgerðir vegna COVID-19.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs, 28. janúar 2021 máls R20060016, Tillögur að markvissum vinnu- og virkniaðgerðum vegna stöðu á vinnumarkaði í kjölfar Covid-19.

Áætlað er að atvinnu- og virknimiðlun Reykjavíkurborgar muni í fyrsta áfanga skapa um 200 störf, meðal annars í samstarfi við Vinnumálastofnun og heildarkostnaður verði um 460 m.kr. sem greiðist af kostnaðarstað 09205, ófyrirséð. Útgjöldin skiptast þannig: 255,5 m.kr. vegna vinnumarkaðsaðgerða fyrir vinnufæra einstaklinga með bótarétt úr atvinnuleysistryggingasjóði (mótframlag Reykjavíkurborgar vegna launa). 101 m.kr. vegna vinnumarkaðsaðgerða fyrir vinnufæra einstaklinga án bótaréttar úr atvinnuleysistryggingasjóði (greiðsla launa að frádreginni fjárhagsaðstoð). 103,5 m.kr. vegna reksturs atvinnu- og virkniráðgjafar (launakostnaður, námskeið o.fl.).

Dagur B. Eggertsson